

**Nd.**

**415. Framvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1927 hafi Búnaðar-  
fjelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfélag Íslands getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið bámark sölukostnaðar.

2. gr.

Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfélag Íslands hefir 1. jan. 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Norvegssaltþjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltþjeturstegundum.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísi um notkun tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

4. gr.

Áburðurinn skal sendur samkvæmt pöntun á alla viðkomustaði skipanna. Andvirði hans skal greiða við móttöku.

5. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.